

ÁRSSKÝRSLA 2018



AFS Á ÍSLANDI
Skiopholt 50C 4 hæð tv
105 Reykjavík

☎ (+354) 552 5450

info-isl@afs.org
afs.is
facebook.com/skiptinemi

Uppsetning: Klettagjá Ehf.
Myndir: Skiptinemar, sjálfboðaliðar og starfsfólk AFS á Íslandi
Björk Guðbrandsdóttir



EFNISYFIRLIT

STJÓRN OG STARFSFÓLK.....	3
FRÁ FORMANNI.....	4
FRÁ FRAMKVÆMDASTJÓRA.....	5
FRÁ DEILD NEMA.....	6
FRÁ FRÆDSLUSTJÓRA.....	8
SJÁLFBODALIÐI Á SKRIFSTOFU.....	9
REYKJAVÍKURDEILD.....	10
NORÐURLANDSDEILD.....	11
60 ÁRA AFMÆLI AFS.....	12
CHAPTER EXCHANGE.....	13
NEMAR HINGAÐ OG ÞANGAÐ.....	14
LÍF OG FJÖR - MYNDIR ÚR STARFI.....	15
ÁRSREIKNINGUR.....	18

AFS Á ÍSLANDI 2017-2018

STJÓRN OG STARFSFÓLK



▲
Starfsfólk og EVS sjálfboðaliði á skrifstofu AFS
Frá vinstri: Tinna, Sólveig Ása, Kristín, Ásdís Björk, Gabriel.



▲
Halldóra Guðmundsdóttir
Formaður



▲
Aron Freyr Jóhannsson
Gjaldkeri



▲
Gylfi Ólafsson
Varaformaður



▲
Sólveig Vilhjálmisdóttir
Meðstjórnandi



▲
Bryndís Nielsen
Meðstjórnandi



▲
Hildur Ýr Aðalsteinsdóttir
Fulltrúi Reykjavíkurdeildar

Stjórn Hollvina AFS á Íslandi 2018

Erlendur Magnússon, formaður
Guðrún Björk Bjarnadóttir
Þorvarður Gunnarsson



▲
Jónína Kristín
Guðmundsdóttir
Ritari



▲
Haukur Harðarson
Meðstjórnandi



▲
Ægir Jónas Jensson
Fulltrúi Norðurlandsdeildar

TEXTI

Halldóra Guðmundsdóttir
Formaður AFS á Íslandi



Nú er ég að ljúka öðru ári mínu sem formaður AFS á Íslandi. Eftir þann tíma er mér helst hugleikið hve ótal mörgum breytingum við höfum staðið frammi fyrir. Þá ber helst að nefna mannabreytingar bæði á skrifstofu og í stjórn.

Um leið og ég velti fyrir mér hvernig við getum náð betri stöðugleika verð ég að benda á með stolti að fólkið okkar er eftirsóknarvert. AFSarar þora og eru óhræddir að taka við nýjum áskorunum. AFSarar fara í nám, taka við góðum stöðum hérlandis sem og erlendis og verða líka bæjarstjórnar. En er það ekki nákvæmlega það sem við erum að bjóða upp á? AFS dvöl hefur sannarlega gert okkur að víðsýnni manneskjum sem sækja sér menntun og starfsframa, óhrædd og sjálfsörugg.

Sviptingar voru í sendingartölunum okkar en þar vil ég meina að stytting framhaldsskóla úr fjórum í þrjú ár sé stærsti áhrifa-valdurinn, sem og vegna umfjöllunar um afar erfitt stuðningsmál. Eins og fram hefur komið urðu yfirgripsmiklar breytingar á skrifstofunni nú í sumar, Agnes og Guðmundur hættu og stöðugildum var

FRAMTÍÐ AFS

fækkað. Vil ég koma hér á framfæri bestu þökkum mínum til þeirra beggja, takk fyrir gott og óeigingjarnt starf í þágu samtakanna. En Gummi er svo sem ekkert hættur þar sem bæjarstjórinn á Ísafirði sinnir sjálfbóðaliðastarfi fyrir AFS. Stjórnin ákvað að ráða Sólveigu sem framkvæmdastjóra og er ánægjulegt að fylgjast með hvað henni, ásamt starfsfólkinu, er að takast vel að deila verkefnum og finna nýjan takt.

Margir þýðingamiklir og skemmtilegir viðburðir voru á starfsárinu. Landsfundur var haldinn á Laugum í Sælingsdal og er ég þakklát og ánægð með hve margir sáu sér fært að koma. Þetta samtal deilda, stjórnar og skrifstofu tel ég mjög mikilvægt. Seint í nóvember var haldinn HOO (Head of Office) fundur á Íslandi. Framkvæmdastjórn AFS í Evrópu funduðu í kulda og myrkri og gafst svo kostur á að taka þátt í 60 ára afmæli AFS á Íslandi sem haldið var með pompi og prakt í Perlunni í byrjun desember. Það er stór áfangi, 60 ár! Og áfram höldum við með sama boðskapinn um frið og erum sannfærð um að menningarlaus sé lykillinn að betra samfélagi. En erum við að verða að

einhverri risaeðlu sem vill engu breyta? Eru prógrömmín okkar að ná til ungs fólks í dag? Og hvernig náum við til þeirra og þeirri hugsjón sem við viljum ná í gegn? Hvernig náum við meiri fjölbreytni í hópi þeirra sem við sendum út? Góðu fréttirnar eru þær að við stöndum ekki ein frammi fyrir þessum áskorunum, heldur AFS heimurinn allur. Á heimsþinginu í Rio de Janeiro fyrir tveimur árum var sú vinna kynnt til leiks með nýjum forseta samtakanna. Framtíðarsýn AFS, að vinna hana saman í stað þess að allir væru að því í sínum hornum. Sú vinna hélt áfram á heimsþingi síðasta árs í Accra og mun standa yfir næstu árin. Ég er spennt fyrir þessari vinnu og sannfærð um að sú fjárfesting eigi eftir að skila okkur miklu.

Sólveig Ása Tryggvadóttir
Famkvæmdastjóri



FRÁ NÝJUM FRAMKVÆMDASTJÓRA

Skipholt 50C

Á síðasta starfsári urðu framkvæmdastjóraskipti hjá AFS á Íslandi. Fyrrum framkvæmdastjóri flutti til Ísafjarðar og sinnir þar sjálfbóðaliðastörfum fyrir AFS, sem og stöðu bæjarstjóra. Fyrir hönd samtakanna þakka ég honum fyrir óeigingjarnt og gott starf. Hann hlustaði vel á grasrótina, flutti samtökin í viðeigandi húsnæði og sinnti deildarstarfi vel. Sjálf er ég þakklát og stolt að taka við keflinu. Ég hef starfað innan samtakanna síðastliðin 7 ár sem starfsmaður og fyrir það sem sjálfbóðaliði. Með mér er gott starfslið sem öll tóku við sinni stöðu á nýloknu starfsári, bæði gamalreynndir sjálfbóðaliðar AFS, sem og fólk úr öðrum áttum. Starfsandinn er góður og við tökum fersk og spennt á móti nýju starfsári.

Mikilvægi deildauppbyggingar

Fyrir einhverjum árum byrjuðu félagar víða að leggja áherslu á deildauppbyggingu. Víða á skrifstofum AFS varð til staða fyrir ODC (e. Organisational Development Coordinator) og þróun sjálfbóðaliðastarfsins (e. volunteer development). Við hér á Fróni notum starfsheitið fræðslustjóri sem á ágætlega við því einnig hefur sá starfsmaður séð um menningarläsi. Ástæðan fyrir því að ég nefni þetta hér og nota AFSlegar skammstafanir er sú að deildarstarf er mikilvægt! Með samfélagsbreytingum hefur deildarstarf breyst

mjög mikið og margar deildir jafnvel þurrkast út. Það þurfum við að passa. Við þurfum að passa að stjórnun samtakanna verði ekki of miðlæg og þau missi tengsl við grasrótina. Starfsemi sterkra deilda er samtökunum allt. Gott dæmi um meiri áherslu á deildarstarf er til dæmis endurvakning Landsfundar. Í dag erum við ekki bara í samkeppni um tíma ungs fólks og umsóknir þeirra í skiptináms. Við erum einnig í samkeppni um mikilvægan tíma félaga samtakanna. Þess vegna er nauðsynlegt að gera starfið eftirsóknarvert og skemmtilegt.

FRÆDSLUsamtökin AFS

Í síðasta pistli framkvæmdarstjóra ræddi hann um AFS rússíbanann og yfirferði þá myndlíkingu á síðasta starfsár. Á þessu starfsári fækkaði umsóknum til skiptináms enn frekar. Stjórn ákvað að leggja fjármagn í það að greina þessa stöðu og eftir að ég kom aftur til starfa úr fæðingarorlofi nú um áramót var það mitt verk að leggja yfir staðreyndir þessa máls ásamt því að kynna mér nýja aðgerðaráætlun um framtíðarsýn Alþjóðasamtaka AFS. Það er margt sem bendir til þess að ástæður færri umsókna séu aðallega vegna styttingu framhaldsskóla, sem og hlaut orðspor samtakanna hnekki vegna fjölmiðlamáls í byrjun árs 2017. En hvernig ætlum við að halda hugsjón og hugmyndafræði samtakanna á lofti? Hvar eru

allir framtíðar skiptinemarnir? Þetta er ekki einföld spurning og í raun eitthvað sem allur AFS heimurinn klórar sér í kollinum yfir akkúrat núna. Sendum nemum hjá AFS hefur nefnilega fækkað víða um heim á meðan sjálfbóðaliðastarfið og eitthvað sem hefur verið nefnt framhaldsmenntun AFS hefur breyst mjög mikið og þróast í mjög góða átt. Til þess að halda því góða starfi rúllandi og friðarboðskapnum á lofti höfum við sent skiptinema í ársprógrömm víða um heim síðastliðin 60 árin.

Það sem AFS hefur í hyggju að gera er að bæta samskipti við skóla, fá skiptináms metið til eininga í öllum framhaldsskólum landsins og prófa sig áfram með ný prógrömm, bæði styttri prógrömm sem og fyrir breiðari aldurshóp. Við þurfum að auka fjölbreytni og vera fagleg. AFS eru nefnilega fræðslu- og friðarsamtök og alls ekki ferðaskrifstofa. Markmið okkar er að sá fræinu um frið með því að tengja saman menningarheima.

Meira var það ekki að sinni. Ég hlakka til að halda áfram að móta með ykkur samtökin og vona að sem flestir sjái sér fært að taka þátt í framtíðar uppskeru samtakanna.

Ykkar,
Sólveig Ása

TEXTI

Kristín Björnsdóttir
Verkefnastjóri

Ásdís Björk Gunnarsdóttir
Verkefnastjóri



NEMARNIR OKKAR

Deild nema

Töluverðar breytingar voru á starfsmanna- málum í deild nema á starfsárinu. Hildigunnur Magnúsdóttir sagði starfi sínu lausu í enda árs 2017 og í hennar stað var ráðin Kristín Björns- dóttir sem hóf störf um miðjan desember 2017. Jenný Lárentsínusdóttir sem hafði unnið hjá AFS frá vori 2017 sagði einnig starfi sínu lausu og hélt til starfa hjá EFIL (regnhlífarsamtök- um AFS í Evrópu) um miðjan febrúar 2018. Í hennar stað var ráðin Ásdís Björk Gunnarsdóttir sem hóf störf í febrúar. Síðastliðin ár hafa tvö stöðugildi deilt verkefnum í nánu samstarfi við skrifstofustjóra. Agnes Vala Bryndal, fyrrum skrifstofustjóri, lauk störfum í júlí og deila Ásdís og Kristín því verkefnum deildar nema ásamt ýmsum verkefnum fyrrum skrifstofustjóra sem deilist á starfsmenn skrifstofu. Sólveig Ása, fyrr- um deildarstjóri nema, kom úr fæðingarorlofi í byrjun árs 2018 og sinnti öðrum verkefnum auk stuðnings við deild nema þar til hún hóf störf við stöðu framkvæmdarstjóra í ágúst 2018.

Á árinu fór Kristín á alþjóðlega fundi erlendis, annars vegar í Brugge í Belgíu og hins vegar til Osló í Noregi. Fundurinn í Brugge í febrúar 2018 var fyrir starfsfólk sem vinnur með stuðnings- mál og var sá fundur mjög lærdómsríkur fyrir nýráðinn verkefnastjóra. Sama mánuð sótti Kristín fund um fósturfjölskylduöflun í Osló fyrir Norðurlöndin ásamt fimm sjálfbóðaliðum. Sólveig Ása sótti alþjóðlegan fund deildarstjóra nema í Búlgaríu í mars 2018.

Stuðningur við nema og fjölskyldur

Töluverð aukning hefur verið á umfangi stuð- ningsmála hjá AFS undanfarin ár og var svo líka þetta ár. Mikið var um fjölskylduskripti á meðal erlendra nema á Íslandi og nokkur erfið mál komu upp hjá íslenskum nemum erlendis. Fé- lagsráðgjafi og seinna verkefnastjóri unnu náið með erlendum skiptinimum, fósturfjölskyldum þeirra og tengiliðum. Nokkrir nemar þurftu aðstoð við að aðlagast, fjölskylduskripti voru óvenju mörg og fóru tveir nemar heim á árinu samanborið við einn á árinu á undan og sjö árið þar á undan. Nokkur stuðningsmál komu upp hjá íslensku nemunum okkar erlendis og komu sex nemar fyrr heim úr skiptinámi sínu. Ýmsar ástæður voru fyrir því að íslensku nemarnir komu fyrr heim en stuðningur við þá fer að

mestu fram hjá AFS netinu í því landi sem þeir dvelja. Aftur á móti er það svo að í erfiðum mál- um eða málum þar sem nemar koma fyrr heim úr námi sínu er alltaf mikil vinna og stuðningur sem fer fram á AFS skrifstofunni hér á Íslandi. Enda reynist það mjög erfið fyrir aðstandendur ef barn þeirra nær ekki að aðlagast eða fóta sig í skiptináminu og getur þetta valdið miklum kvíða og vanlíðan hjá öllum í fjölskyldunni.

Hýstir nemar

Í ágúst 2017 komu 36 erlendir skiptinemar til landsins frá 23 löndum. Töluverð aukning hefur verið á eftirspurn um pláss til Íslands og komust færri að en vildu. Var um að ræða 31 ársnema og fimm nema í 3 mánaða prógrammi (ECTP). Voru langflestir nemarnir á höfuðborgarsvæðinu eða 20 talsins. Sjö nemar voru á Akureyri og einn á Dalvík. Tveir nemar voru á Austurlandi á Eskifirði og Egilsstöðum, tveir nemar í Vest- mannaeyjum og þrír á Suðurlandi. Einn nemi var á Ísafirði.

Nemarnir sóttu hefðbundin námskeið hjá AFS, komunámskeið, 6 vikna námskeið, menn- ingarhelgi og svo lokanámskeið. Það eru sjálfbóðaliðar AFS sem bera hita og þunga námskeiðanna og tókst vel til. Auk námskeiða fóru nemarnir í valkvæða Akureyrarferð sem var skipulögð af Norðurlandsdeild AFS.

Fjölskylduöflun sumar 2018

Fjölskylduöflun þetta árið reyndist erfið eins og árið á undan. Vel gekk þó framan af og má Norðurlandsdeild fá mikið hrós fyrir ötullegt starf við leit af fjölskyldum enda komu 8 fjöl- skyldur á Akureyri. Í lok júní vantaði 11 fjöl- skyldur og datt þá botninn úr öfluninni vegna sumarfría starfsfólks og landsmanna. Hægt gekk að fá fjölskyldur í júlí, þó nokkrar hafi komið inn, en í ágúst fór allt af stað aftur og fundust fjölskyldur fyrir alla nemana nema einn sem fékk bráðabirgðafjölskyldu. Áður en neminn kom þó til landsins var búið að finna framtíðarfjölskyldu fyrir hann. Í ár eru allir nemar með fjölskyldur út tímenn sinn nema einn, en sá nemi verður hjá tveimur fjölskyldum og eru báðar fjölskyldurnar fundnar. Dreifingin um landið er afar góð þar sem 19 af 31 hýstum nemum eru nú búsettir á landsbyggðinni.

Haldin voru fjögur hringikvöld í Reykjavík og tvö á Akureyri og tóku að meðaltali um 7 sjálfboðaliðar og 2-3 starfsmenn þátt á hverju kvöldi fyrir sig. Má áætla að hringt hafi verið í um 1000 manns og er búið að skjalfesta nokkrar fjölskyldur sem lýstu áhuga á að hýsa á næsta ári 2019-2020. Auk þessa var AFS einnig áberandi á miðlum eins og útvarpi, fréttum og á samfélagsmiðlum, en áætla má að a.m.k. þriðjungur fósturfjölskyldna hafi komið í gegnum Facebook auglýsingar og pósta. Þrjár fjölskyldur tengdust AFS ekki neitt en flestar komu inn í gegnum netið okkar t.d. persónleg samskipti sjálfboðaliða, fyrrverandi nema, tengiliði, fyrrum fósturfjölskyldur eða fjölskyldur sendra nema.



Sendir namar

Sendir namar voru óvenju fáir þetta starfsárið en alls héldu 54 namar utan á mismunandi prógrömmum á vegum AFS á Íslandi. Á sumarbrottför 2017 fóru 36 namar í ársprógramm, 7 namar í þriggja mánaða dvöl og 1 nemi í hálfársdvöl. Á vetrarbrottför í ársbyrjun 2018 fóru 3 namar í ársprógramm og 2 namar í hálfársprógramm. Að auki fóru 5 namar í tveggja vikna tungumálanámskeið í Englandi sumarið 2017. Fjölmennastur var hópurinn sem hélt til Bandaríkjanna í ágúst 2017 eða 11 namar og fór næst stærsti hópurinn til Ítalíu. Þónokkur dreifing var þó á landavali nema og áhugavert er að sjá að hlutur nema sem fer til Evrópu virðist vera stækkandi, en líklegt er að ECTP prógrammið hafi töluvert að segja í því.


ÍSL-POL

Á starfsárinu varð verkefnið Ísland-Pólland að veruleika. Verkefnið er samstarfsverkefni á milli landanna tveggja með það að markmiði að styrkja samband, vinna gegn fordómum, brjóta niður staðalímyndir og auka skilning. Fólk af pólskum uppruna telja nú til 3% þjóðarinnar en þrátt fyrir það virðast Íslendingar almennt ekki þekkja mikið til pólskar menningar og fá fordómar oft að lita viðhorf til fólks af pólskum uppruna. Þetta var hvati samstarfsaðilanna til að fara af stað með verkefnið. Tveir flottir kandidatar voru valdir, einn frá hvoru landi, sem fengu það verkefni að upplifa menningu hvors annars og kynna sína eigin í framandi langi. Þeir héldu því í skiptinám, Mikolaj frá Póllandi til Íslands og Júlíus frá Íslandi til Póllands. AFS á Íslandi styrkti verkefnið fjárhagslega og fóru báðir namar á fullum styrk í skiptinámið sitt.

Fjöldi sendra nema



Hvert erum við að senda



TEXTI

Tinna Sveinsdóttir
Fræðslustjóri



Staða fræðslustjóra AFS hefur nú verið til í rúm þrjú ár og því nokkur reynsla komin á stöðuna og auðséð að hún er mikilvæg fyrir samtökin. Í desember tók S. Tinna Sveinsdóttir við sem fræðslustjóri AFS af Marínu Björt sem gegnt hafði starfinu frá byrjun. AFS þakkar Marínu kærlega fyrir að leggja grunninn að þessari stöðu sem nú verður byggt á.

Fræðsla og þjálfun:

Á síðasta starfsári tóku sjálfboðaliðar og starfsmenn AFS þátt í ýmsum þjálfunum erlendis. Of langan tíma tekur að telja upp nákvæmlega hver fór hvert en gaman er að geta þess að alls voru 47 fulltrúar frá samtökunum á 9 viðburðum. Vissulega voru einhverjir sjálfboðaliðar sem tóku þátt í meira en einu verkefni. Þátttakan fólst í teymisvinnu, þjálfun og almennri þátttöku. Það er löngu sannað að þátttaka í þjálfunum erlendis hefur mjög jákvæð áhrif á starfið hérna heima en þátttakendur koma aftur með höfuðið fullt af hugmyndum og hjartað fullt af hvatningu. Það sem lært er á viðburðunum skilar sér svo í starfið heima í gegnum sjálfboðaliðana sem taka þátt.

Áhersla hefur verið lögð á fræðslu inn á við og út á við þetta árið. AFS fékk fræðslu frá Samtökunum 78 um málefni hinsegin fólks og seinna á árinu stóðu sjálfboðaliðar að smíðju um málefni hinsegin nema innan AFS í sambandi við þátttöku AFS í Gleðigöngunni í Reykjavík. Einnig stóðu sjálfboðaliðar Reykjavíkurdeildar fyrir Umhverfissvikunum AFS þar sem ýmis fræðsla um umhverfismál var opin öllum og voru viðburðir á hverjum degi í heila viku. Þar að auki tók AFS þátt í

FRÆÐSLA BÆÐI INN Á VIÐ OG ÚT Á VIÐ

Barnamenningarhátíð Reykjavíkur þar sem sjálfboðaliðar buðu upp á smíðju í ráðhúsinu um menningu barna um allan heim.

Landsfundur

Landsfundur AFS var haldinn í apríl á Laugum í Sælingsdal. Þar komu saman stjórnir samtakanna, meðlimir þjálfarahóps AFS (IPOT - Icelandic Pool of Trainers) og starfsfólk AFS. Alls voru 16 þátttakendur á fundinum ásamt einum erlendum þjálfara, Lizu Popper frá Ungverjalandi sem kom á vegum Evrópusamtaka AFS (EFIL). Markmið fundarins var annarsvegar að vinna stefnumótandi vinnu í sameiningu og hinsvegar að kynna betur til að gera alla vinnu auðveldari í framtíðinni. Stefnumótunin fór fram á laugardegi og á sunnudegi bauð Liza upp á mjög áhugaverða smíðju um andlega heilsu og kulnun í starfi. Stefnit er að því að halda aftur Landsfund á næsta ári.

Menningarlæsi

AFS International stendur fyrir Intercultural LINK Learning Program sem er námskeið í menningarlæsi í fjórum hlutum. AFS samtök um allan heim bjóða sjálfboðaliðum sínum upp á þátttöku á þessu námskeiði með ýmsum hætti. Í apríl 2018 var fyrsti hluti námskeiðisins (kallaður Level W) haldinn á Íslandi í fyrsta sinn. Þessi hluti heitir "What Every AFSer Should Know About ICL" eða "Það sem allir AFSarar ættu að vita um menningarlæsi". Á námskeiðinu er farið í grundvallar kenningar menningarlæsis sem notaðar eru í starfi AFS. Tilgangurinn er að dýpka skilning sjálfboðaliða á menningarlæsi, koma upp sameiginlegum skilningi og orðaforða og hvetja til umhugsunar um starfið innan AFS og samfélagsins. Stefnit er að því að bjóða upp Level W tvisvar á ári héðan í frá og þá gjarnan bæði í Reykjavík og á Akureyri. Sjálfboðaliðar standa að skipulagningu og framkvæmd námskeiðisins ásamt fræðslustjóra.


Erlendir sjálfboðaliðar

Síðastliðin ár hefur AFS tekið á móti erlendum sjálfboðaliðum á skrifstofuna í 6 til 12 mánuði í senn. Sjálfboðaliðarnir koma frá AFS samtökum víðsvegar um Evrópu og hafa í farteskunum reynslu sem

þau geta miðlað til sjálfboðaliða hér á landi og bera þau einnig með sér ferskan blæ inn á skrifstofuna. EVS sjálfboðaliðar eru styrktir af Erasmus+ ungmennaáætlun Evrópusambandsins. Á síðasta starfsári kláraði Camilla frá Ítalíu sjálfboðaliðadvöl sína og við tókum á móti Gabriel frá Kanada (í gegnum AFS í Noregi en hann bjó í Noregi áður en hann kom til Íslands). Einnig kláraði Alma Dóra sjálfboðaliðadvöl sína hjá EFIL í Brussel og Hildur Ýr hélt á vit ævintýra í Kaupmannahöfn þar sem hún mun vera sjálfboðaliði á skrifstofu AFS í Danmörku í 12 mánuði.

Sjálfboðaliðakönnun

Í júní 2018 var framkvæmd sjálfboðaliðakönnun sem hluti af alþjóðlegri könnun á vegnum AFS International. Flest AFS samtök um allan heim lögðu könnunina fyrir sjálfboðaliða sína og vann AFS International síðan úr niðurstöðunum. Yfirlit niðurstaðna má sjá á myndinni hér að neðan. Niðurstöðurnar sýna meðal annars að almennt ríkir mikil ánægja með sjálfboðaliðastarfið og umhverfið sem unnið er í. Hafa sjálfboðaliðar áhuga á að halda starfinu áfram og lítum við á það sem mjög gott merki. Einnig má hafa samband við fræðslustjóra til að fá nánari útlitun á könnuninni og niðurstöðunum.



TEXTI

Gabriel Pitre-Traversy
EVS sjálfboðaliði

A YEAR IN ICELAND

It is crazy to think that almost a year has passed since I dropped my bag in Iceland. I landed here without really knowing what to expect out of this great adventure that is the European Volunteer Service. However, I can now tell you... what a journey we have had! From the first day, when I pushed open the door of the office, where a very cosy lighting was warming up this dark Wednesday of January, I knew I would have a great time. Welcomed by caring volunteers and coworkers, I can't imagine how my stay would have been without all of you.

Three of the biggest projects I have worked on while in Iceland are probably the Level W training, Landsfundur and the visit to the Norðurland chapter. Level W is the first level of 4 trainings in AFS' Link Learning Program journey on Intercultural Learning, and its main goal is to standardize the knowledge and skills of our volunteers in ICL. Together with Tinna and Alondra, we organized this training for the very first time in Iceland. In total, 12 participants met for this amazing learning opportunity.

Landsfundur is a yearly event in the calendar of AFS á Íslandi. Key volunteers, representing the different chapters, members of the national board, and staff from the AFS office, come together for a weekend of training and brainstorming on how we can better our organisation. A lot goes into the preparation of this weekend and it is always fun to see what we can create together. This year, we also had the pleasure to welcome Liza, a travelling trainer from Hungary, who held a very interesting training on mental health.

Another big project was the visit to the Norðurland chapter. Ásdís, Tinna and I travelled to Akureyri, where I was responsible for organizing a little reentry camp, while Tinna and Ásdís were meeting with host families and local contacts from the area. We also took the opportunity to promote the AFS program during Alþjóðadagur and had a very nice meeting with the chapter board.

Although being an EVSer can be a lot of work, it was also very important for me to be able to enjoy my year in Iceland on a different level. I have been lucky enough to have the chance to travel a little bit around the country, but also a little bit abroad. Some of my highlights are probably Flateyri and the amazing people of Lýðháskólinn á Flateyri, Mývatnssveitin, the South Coast of Iceland, being part of the support team for the VSS in Norway and all the different hikes around Iceland.

Of course, living in a foreign country is not always easy. As when one goes on an AFS exchange, the adaptation curve is applying. This year has had its ups and downs, but what I will retain from this EVS experience are, obviously, the good moments, surrounded by amazing people.

AFS á Íslandi, you haven't seen the last of me! Peace out <3



TEXTI

Hildur Ýr Aðalsteinsdóttir
Fulltrúi Reykjavíkurdeildar

REYKJAVÍKURDEILD

Kæru AFS-arar! mér finnst það nokkuð táknrænt að ég hafi byrja þetta stjórnartímabil mitt sem formaður Reykjavíkurdeildar á því að skrifa í ársskýrsluna og lýk hér með að sama sinni stjórnartímabilinu með því.

Starf Reykjavíkurdeildarinnar hefur verið fremur viðburðarríkt þetta árið rétt eins og síðastliðin ár. Flest námskeiðanna okkar voru haldin á skrifstofunni og það er greinilegt að við erum alveg komin með það á hreint hvernig best er að halda námskeið í þessu yndislega rými sem skrifstofan er. Haldin voru tvö heimkomunámskeið og tvö undirbúnings námskeið á þessu ári. Það fækkaði töluvert í hópi sendra nema en sá hópur sem að við sendum varð mjög náinn og flottur og við hlökkum til að sjá þau í starfinu þegar að þau koma til baka. Í ár ákváðum við einnig í samráði við skrifstofu að endurskoða opnu húsin okkar þar sem að þau virtust ekki lengur henta okkar fólki og því var slegið til Alþjóðadags AFS á skrifstofunni. Sá viðburður var haldin um helgi til þess að gefa sem flestum tækifæri á því að mæta. Það komu fjölmargir á þann viðburð bæði sjálfboðaliðar, verðandi nemandar eða fyrrverandi skiptinemandar og aðrir áhugasamir. Aðrir nýjungar sem að við fórum af stað með voru breytingar á skólakynningunni en upp kom sú hugmynd að gera hana "AFS-legri" með því að bæta við einhverjum leikjum og almennri fræðslu um menningarläsi í stað þess að vera einungis með söluræðu. Einnig bættust við prógrömm fyrir 18 ára einstaklinga og eldri þannig að markhópurinn okkar er vonandi aðeins breiðari nú en áður.

Viðtöl gengu fremur hægt þetta árið en nú í enda árs kom svaka kippur og allt er komið á fullt aftur. Erlendu nemarnir okkar þetta árið var hress og skemmtilegur hópur fullur af stórum persónuleikum. Námskeiðin með nemunum voru aldrei róleg enda fjörugur og náinn hópur. Það sem stendur mest upp úr viðburðum með erlendu nemunum er eflaust skíðaferðin sem farin var í Bláfjöll núna í byrjun árs. Það var að venju erfitt að kveðja þennan hóp en rétt eins og öll önnur ár kom nýr hópur nú í byrjun haust og það verður áhugavert að fá að fylgjast með árinu þeirra úr fjarlægð.

En svona fyrir utan okkar hefðbundnu störf var margt annað skemmtilegt sem gerðist í ár. Haldið var áfram með ýmsar venjur sem upp hafa komið eins og árhátíð sjálfboðaliða sem að var haldin í febrúar og var mjög vel sótt af bæði eldri og yngri sjálfboðaliðum, og einnig sjálfboðaliðum úr mismunandi deildum landsins. Þemað var "carnival" og voru skreytingar eftir því. Árhátíðarmyndbandið var frumsýnt, það fór fram liðakeppni og svo héldum við áfram með lottóið, þar sem að þú ert líklegri til þess að vinna því fleiri verkefni sem þú tekur að þér yfir árið. Vinningarnir í ár voru stórglæsilegir og það virðist sem flestir, ef ekki allir, hafi skemmt sér konunglega.

Önnur hefð sem haldið var í var sameiginleg ferð stjórna Norðurlandsdeildar og Reykjavíkurdeildar í sumarbústað fyrir vestan þar sem að bornar voru saman bækur og tengslin voru styrkt. Við vonum að þessu verði haldið áfram í framtíðinni. Þar sem að tveimur stærstu deildunum hefur gengið svona vel með þetta að þá geti hinar deildirnar tekið þátt á næsta ári svo að við höldum áfram að halda í góð tengsl og eiga góð samskipti við alla AFS-ara út um allt land.

Annar stór viðburður var að samtökinn okkar urðu 60 ára í ár. Þó svo að sá viðburður hafi ekki beint verið á vegum Reykjavíkurdeildar þá voru margir úr deildinni sem að mættu til að fagna saman í Perlunni. Ötrúlega frábært að þessi samtök hafi verið hér á þessu landi í öll þessi ár til þess að vinna að því að stuðla að friði og jöfnum tækifærum í heiminum. Í ár tókum við einmitt stórt skref í áttina að því þegar að við tókum í fyrsta sinn þátt í Gleðigöngunni. Stofnuð var nefnd sem að sá um skipulagningu og hannaði boli sem deildin svo styrkti til að framleiða og selja. Allt gekk eins og í sögu og þetta er einnig annar viðburður sem við vonumst til þess að verði að hefð. Þetta, ásamt mörgu öðru, sýnir bara að þrátt fyrir að vera fámenn deild í stóra samhenginu, þá getum við haft mikil áhrif í alþjóðasamfélagi AFS og það ber mikið á okkur þar.

Að lokum vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum deildarinnar kærlega fyrir samstarfið, það hefur verið frábært að starfa í stjórn fyrir ykkur. En sérstaklega vil ég þó þakka meðstjórnendum mínum í stjórn Reykjavíkurdeildar 2017/2018 það hefur verið sannkallaður heiður að fá að starfa með ykkur þetta árið og ég óska ykkur góðs gengis í öllu því sem að þið munu taka ykkur fyrir hendur hvort sem það sé víðsvegar um heiminn eða hér heima á Íslandi. Svo vil ég óska nýrri stjórn góðs gengis á komandi ári og erum viss um að þessi deild eigi bara eftir að vaxa og dafna enn frekar.



TEXTI

Ægir Jónas Jensson
Fulltrúi Norðurlandsdeildar

NORÐURLANDSDEILD

Nýtt starfsár AFS gekk í garð undir sumarlok með nýjum skiptinemum, sjálfboðaliðum og fósturfjölskyldum. Fyrsta mál á dagskrá var að skipa nýja stjórn sem gekk áfallalaust fyrir sig og var Erla Salome Ólafsdóttir kjörin formaður deildarinnar, Ægir Jónas Jensson varaformaður, Anna Lilja Valdimarsdóttir var kjörin umsjónarmaður viðtala og þær Elín Kata Sigurgeirsdóttir og Brynja Ploy Garðarsdóttir voru kosnar sem umsjónarmenn skólakynninga.

Þegar ný stjórn hafði fengið að kynna örlítið, tekið algjörlega við af fráfarandi stjórn og skiptinemar þessa árs komnir til fjölskyldna sinna var hið hefðbundna "Welcome Night". Þar býður deildin nemum og fjölskyldum þeirra í smá kaffiþó þar sem allir fá tækifæri til að kynna hvoru öðru og njóta léttu veitinga.

Árið var svo með svipuðum brag og árin áður. Mánaðarlegu kaffihúsakvöldin á Bláu Könnunni voru að sjálfsögðu á sínum stað og þar fyrir utan var farið með skiptinema í réttir, hvalaskoðun og í heitu pottana í fjörunna á Hjalteyri þar sem norðurljós skreyttu vetrarhimininn. Einnig bauð deildin nemum á leiksýningu Menntaskólans á Akureyri sem að þessu sinni var Love Star eftir samnefndri bók Andra Snæs Magnússonar. Rétt fyrir jól hittust bæði sjálfboðaliðar og skiptinemar til þess að baka saman lakkrístoppa og hlusta á jólalög.

Í byrjun febrúar var hin árlega Akureyrarhelgi en hún er valfrjáls ferð sem stendur öllum AFS skiptinemum sem hýstir eru á landinu til boða. Haldið var af stað frá Reykjavík einn kaldan fimmtudag í febrúar og voru nemar frá Suður- og Vesturlandi mætt norður á Akureyri um kvöldmatarleyti þar sem heit súpa beið þreyttra ferðalanga. Á föstudagsmorgni var öllum nemum smalað upp í rútu þrátt fyrir óarga veður og lagt var af stað í Mývatnssveit.

Fyrsta stopp var við Goðafoss þar sem teknar voru ótal myndir. Næsti áfangastaður voru Skútustaðagígar en þar var svo mikið rok að sumir létu útsýnið úr

rútunni duga. Eftir hádegismat var haldið í könnunarleiðangur um Dimmuborgir og svo baðaði hópurinn sig í Jarðböðunum. Næst á dagskrá var heimsókn til afa og ömmu eins skiptinemas úr hópnum þar sem ekta íslenskar krásir biðu eftir að fá að kæta mannskapinn. Eftir heimboðið var haldið heim á leið til Akureyrar þar sem nemarnir fengu að njóta félagsskaps hvers annars fram eftir kvöldi. Á laugardegi var enn og aftur farið upp í rútu og leiðinni var haldið í sveitaheimsókn á sveitabæ inni í Eyjafirði. Þegar nemarnir höfðu verið sleikt af skepnunum og safnað á sig fjósalykt var Jóláhúsið heimsótt og síðan var haldið heim til Akureyrar þar sem til boða stóð að fara í sund og þrifa af sér sveitailminn. Seinnipartinn voru sjálfboðaliðar búnir að búa til ratleik fyrir nemana sem krafðist þess að fara um allan bæinn, þetta gaf þeim gott tækifæri til að kynna Akureyri. Um kvöldið voru úrslit ráðin úr leiknum og var mikið fjör langt fram á nótt þrátt fyrir krefjandi helgi. Á sunnudeginum hjálpuðust allir að við að ganga frá og góð helgi var á enda. Eftir smá kveðjustund hélt fólkið heim og sennilega hafa margir lagt sig á leiðinni.

Líkt og árið áður komu stjórnir Norðurlandsdeildar og Reykjavíkurdeildar sig saman um að hittast í bústað úti á landi til þess að kynna, mynda stefnu fyrir komandi ár og reyna að koma með hugmyndir hvernig bæta mætti starfið. Að þessu sinni var förinni heitið í átt að Drangnesi á Vestfjörðum og var ferðin árangursrík og skemmtileg.

Sjálfboðaliðarnir okkar á Norðurlandi verða alltaf virkari og virkari og tóku þátt í svo gott sem öllu sem gert var á árinu. Einnig var lögð áhersla á að vera með viðburði eingöngu fyrir sjálfboðaliða til þess að hrísta saman hópinn og vonandi skapa vináttu sem á eftir að endast og endast. Einnig voru einhverjir sem brugðu undir sig betri fætinum og ferðuðust út í heim til þess að taka þátt í verkefni sem heitir Chapter Exchange þar sem sjálfboðaliðar frá 4 löndum koma saman og halda nokkurskonar málþing. Þau Alexandra Guðný, Gylfi Már og Ægir Jónas voru full-

trúar norðurlandsins í þeim 10 manna hópi sem fór til Slóvakíu í september og einnig fóru Erla Salome og Ægir Jónas til Þýskalands til að taka þátt í Chapter Exchange þar í mars.

Undir lok árs var svo fjölskyldugrill í Kjarnaskógi þar sem haldin var kveðjustund fyrir nemana okkar. Þar kvöddu nemar sjálfboðaliða og sjálfboðaliðar þökkuðu fósturfjölskyldum, tengiliðum og skiptinemum fyrir árið. Þar með var starfsárinu 2017-2018 slitið.



TEXTI

Sólveig Vilhjálmsdóttir
Sjálfbóðaliði

AFS Á ÍSLANDI FAGNAR MERKUM TÍMAMÓTUM

Árið 2017 fögnuðu samtökin okkar merku tímamótum, en AFS á Íslandi varð 60 ára á árinu. Venja hefur verið fyrir því að fagna afmæli félagsins á 10 ára fresti og ekki varð breyting á því í ár. Í afmælisnefnd sátu Halldóra Guðmundsdóttir, formaður, Sólveig Vilhjálmsdóttir og Aron Freyr Jóhannsson fyrir hönd stjórnar AFS á Íslandi. Fyrir hönd skrifstofu var Agnes Vala Bryndal.

Fyrstu fundir fóru í að ákveða stað og stund en á endanum var ákveðið að tilvalið væri að flétta saman fleiri viðburði sem í gangi voru hér á landi í byrjun desember á vegum félagsins. Búið var að ákveða að halda hér fund fyrir framkvæmdastóra AFS í Evrópu í samstarfi við EFIL síð-

ustu vikuna í nóvember. Með samfléttun viðburðanna gætum við því deilt þessum merku tímamótum með okkar samstarfsaðilum í Evrópu! Dagsetning komin, 2. desember yrði það og þá átti eftir að finna staðinn. AFS á heiminn og fundum við fullkominn stað sem myndi henta þessum fagnaði þar sem við gætum horft til himins.

Efsta hæð Perlunnar skyldi það vera. Ekkert annað hæfði okkur. Dagskráin var einföld, við tókum mið af öðrum viðburðum úr AFS heiminum þar sem mikilvægast er að hafa dagskrána ekki of langa, en þó með góðum veislustjóra. Að sjálfsögðu var ekki erfitt að finna manneskju með þann eiginleika úr stórum hópi sjálfbóðaliða

AFS á Íslandi. Fengum við Gissur Pál Gissurarson sem stýrði okkur inn í kvöldið af fagmennsku, bæði í tali og söng. Þökkum við honum enn og aftur fyrir kvöldið.

Þarna hittust bæði ungir og gamlir sjálfbóðaliðar, sumir höfðu hist daginn áður en aðrir ekki í áratugi. Voru mikir fagnaðarfundir úti um allan sal þar fólk rifjaði upp gamlar minningar og voru margir sem ætluðu ekki að láta langan tíma líða fram á næsta hitting.

Var þetta flott lokakvöld fyrir erlendu gestina okkar sem fóru heim með norðurljósin og íslenska kraftinn í hugarum. Þetta kvöld heppnaðist einstaklega vel og verður það seint toppað.



CHAPTER EXCHANGE



Eins og mörgum er kunnugt þá hófst verkefnið Chapter Exchange: Changes through Actions árið 2016 þegar sjálfboðaliðar frá AFS á Íslandi riðu á vaðið og sóttu um styrk fyrir tveimur ungmennaskiptum á Íslandi og í Portúgal. Verkefnið var samstarfsverkefni sjálfboðaliða frá AFS samtökum í Evrópu, AFS Konstanz (deild innan AFS Þýskaland), AFS Portúgal, AFS Slóvakíu og AFS á Íslandi. Verkefnið var styrkt af ungmennaáætlun Erasmus+.

Seinni partur verkefnisins Chapter Exchange: Changes through Actions fór fram starfsárið 2017-2018.

Sjálfboðaliðar Slóvakíu sáu um að skipuleggja ungmennaskipti í september 2017 og bar viðburðurinn titilinn Targeting the Reasons and Consequences of Radicalism and Taking Responsibility Into Our Own Hands. AFS Konstanz lokaði hringinum í mars með ungmennaskiptum sem bar titilinn Taking Responsibility at an Urgent State of Climate Change.

Chapter Exchange í Slóvakíu

Í september 2017 héldu 10 íslenskir sjálfboðaliðar til Slóvakíu. Fyrst var förinni heitið til lítils smábæjar í miðri Slóvakíu sem ber heitið Banská Štiavnica en þar var fyrri hluta dvalarinnar varið. Umfjöllunarefnið var sem áður segir Targeting the Reasons and Consequences of Radicalism and Taking Responsibility Into Our Own Hands, eða í stuttu máli róttækni (e. radicalism). Hvert og eitt land sá um eina smiðju sem

fjallaði um ýmis málefni tengd róttækni, meðal annars grunnhugtök og skilgreiningar, afleiðingar og fyrirbyggjandi aðgerðir. Einnig fengu sjálfboðaliðarnir tækifæri til að skoða sig um í litríku umhverfi slóvakíska smábæjarins, þræða þröng og brött stræti og skoða kirkjur og stínga sér í vatnið í skóginum. Eftir góða daga í Banská Štiavnica var förinni heitið til höfuðborgarinnar Bratislava. Þar fengu sjálfboðaliðar einnig að kynna borginni og að sjálfsgöngu var haldið áfram að læra og rökkræða um umfjöllunarefnið. Það öðlaðist aukna dýpt með heimsóknnum frá nokkrum sérfræðingum um málefnið. Í gegnum vikuna fengu sjálfboðaliðarnir einnig að vinna sjálfstætt í hópum þar sem markmiðið var að vinna að verkefni tengdu málefni. Meðal verkefna sem upp úr þessu spruttu var hópur sem lagði sig fram við að fræða almenning um falsfréttir og áhrif þeirra og hvernig hægt er að ganga úr skugga um að fréttirnar sem maður neytir séu sannar. Endaði vikan á fínunum kvöldverði í miðborg Bratislava og héldu sjálfboðaliðarnir heim á leið morguninn eftir, stútfullir af nýjum fróðleik og hugmyndum eftir vel heppnaða viku.

Chapex Þýskalandi

Síðasti hluti Chapex hringisins átti sér stað í Þýskalandi í mars síðastliðnum. Fyrri hluta vikunnar var varið í þorpinu Eglofs í Suður-Þýskalandi og seinni hlutanum í borginni Konstanz. Á þessum ungmennaskiptum voru umhverfismál í forgangi og fór vikan í að fjalla um loftslagsbreytingar, áhrif, afleiðingar og ástæður þeirra, sjálf-

TEXTI

Jenný Lárentsínusdóttir
Sjálfboðaliði

Steinunn Ása Sigurðardóttir
Sjálfboðaliði

bærni og leiðir til að sporna við neikvæðum umhverfisáhrifum. Sjálfboðaliðarnir létu ekki sitt eftir liggja í þeim málum í gegnum vikuna og lögðu þýsku sjálfboðaliðarnir hart að sér við að lágmarka kolefnisspor viðburðarins. Þannig var sérstakt teymi sem sá um matreiðsluna á viðburðinum og var allur maturinn dýraafurðalaus, mestallt framleitt í nágrenninu og stór hluti matarins var umbúðalaus, auk þess sem öll hráefni voru nýtt til hins ýtrasta. Einnig reyndu allir að ferðast á sem umhverfisvænastan máta - þau einu sem notuðu flugvél til að komast til Þýskalands vorum við eyja-skeggjarnir. Sem fyrr var fjallað um þemað á fjölbreyttan hátt - sjálfboðaliðar hvers lands héldu smiðjur og fengu sjálfboðaliðar aukna innsýn í efnið frá sérfræðingum auk þess sem sjálfboðaliðar fengu tækifæri til að mynda sín eigin verkefni. Meðal verkefna sem kviknuðu á Chapex í Þýskalandi voru Umhverfisvika AFS á Íslandi sem haldin var 18.-24. júní auk þess sem gerð var umhverfisvæn matreiðslubók og handbók með hugmyndum um hvernig hægt er að framleiða sínar eigin umhverfisvænu snyrtivörur. Má með sannri segja að allir hafi dregið mikinn lærdóm frá vikunni og farið aftur út í heiminn og sitt nærumhverfi með aukna umhverfisvitund og metnað til að taka málin í eigin hendur í anda þema Chapex hringisins - Changes Through Actions.

Verkefninu Changes Through Actions er því hér með lokið.

Chapter Exchange og AFS

Mikill fjöldi sjálfboðaliða AFS á Íslandi hefur tekið þátt í Chapex verkefnum frá því að þau byrjuðu árið 2010. Það hefur sýnt sig að með svo viðamiklum og lærdómsríkum verkefnum fá sjálfboðaliðar tækifæri til að kanna frekar tilgang AFS og tengja við markmið okkar á fjölbreyttari hátt. Chapex er því gríðalega mikilvægt verkefni, rétt eins og sjálf þróun okkar, því þetta er enn ein aðferðin til að stuðla að friðsamari heimi og bættum samskiptum á milli menningarheima. Sjálfboðaliðar AFS ættu því að halda áfram að taka þátt í og skipuleggja ungmennaskipti þar sem þau auðga starf sjálfboðaliða og skerpa á því sem AFS stendur fyrir. Það verður spennandi að sjá næstu ungmennaskipti taka af stað!

NEMAR HINGAÐ OG ÞANGAÐ



▲ Egill Orri Elvarsson, Greccia, Kosta Ríka



▲ Selma Þöll Guðjónsdóttir, Fresno, California, Bandaríkin



▲ Rosalíe Rut Sigrúnardóttir, St. Louis Park, Minnesota, Bandaríkin



▲ Bryndís Arna Bríde, Ancona, Ítalía



▲
Lára Snædal Boyce, Wuerzburg, Þýskaland



▲
Bergdis Bjarnadóttir, San Pablo, Kosta Ríka



▲
Tatjana Snót Brynjólfsdóttir, Milano, Ítalía



▲
Sigrún Þorsteinsdóttir, Sparanise, Ítalía

MYNDIR ÚR STARFI



▲ Hýstir nema, fósturfjölskyldur og sjálfboðaliðar. Kveðjustund í Heiðmörk.



▲ Gleðigangan

▲ Host-Family Recruitment námskeið í Oslo.


▲ Námskeið stuðningsfulltrúa í Brugge, Belgíu.



▲ Heimsókn hýstra nema og sjálfboðaliða á Bessastaði.



▲ Landsfundur AFS að Laugum í Sælingsdal.





▲ Akureyrarhelgi



▲ What Every AFSer Should Know About Intercultural Learning námskeið á skrifstofu AFS.



▲ Nemar sem komu til Íslands í ágúst 2017.



▲ EFIL Volunteer Summer Summit í Útey, Noregi.





AFS Á ÍSLANDI

ÁRSREIKNINGUR 2018

Rekstrarreikningur rekstrarársins 1.8.2017- 31.7.2018

	Skýr.	1.8.2017- 31.7.2018	1.8.2016- 31.7.2017
Rekstrartekjur		104.675.689	151.013.548
		<u>104.675.689</u>	<u>151.013.548</u>
Rekstrargjöld íslenskir nemar		(40.441.051)	(63.439.641)
Rekstrargjöld erlendra nema		(6.516.166)	(5.137.728)
Rekstrargjöld sendra og hýstra		<u>(46.957.217)</u>	<u>(68.577.369)</u>
Laun og annar starfsmannakostnaður	3	(60.593.909)	(52.390.653)
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður		(30.024.368)	(19.694.952)
Annar rekstrarkostnaður		(3.987.254)	(5.019.090)
Samvinna		(2.818.525)	(1.781.331)
Aðildargjöld til samstarfsaðila (INT, EFIL, LÆF)		(2.497.150)	(3.076.240)
Framlög og styrkir til Hollvína		0	(2.025.651)
Afskriftir fastafjármuna	5	(1.556.173)	(1.875.402)
Annar rekstrarkostnaður		<u>(101.477.379)</u>	<u>(85.863.319)</u>
Samtals rekstrarkostnaður		(148.434.596)	(154.440.688)
Fjármunatekjur	4	1.917.131	4.224.688
Fjármagnsgjöld	4	(993.439)	(1.794.941)
		<u>923.692</u>	<u>2.429.747</u>
Tap rekstrarársins		<u><u>(42.835.215)</u></u>	<u><u>(997.393)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. júlí 2018

Eignir	Skýr.	31.07.2018	31.07.2017
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	5	57.484.974	59.041.147
Lán til AFS, Lettland		765.375	904.200
		<u>58.250.349</u>	<u>59.945.347</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur	6	13.236.312	16.374.426
Lán til AFS, Lettlandi - næsta árs afborgun		153.075	301.400
Aðrar skammtímaskröfur	6	4.300.158	5.777.031
Handbært fé	6	45.797.269	108.420.011
		<u>63.486.814</u>	<u>130.872.868</u>
Eignir		<u>121.737.163</u>	<u>190.818.215</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Bakhjarlaframlag	7	234.971	234.971
Óráðstafað eigið fé		61.645.523	104.480.738
Eigið fé		<u>61.880.494</u>	<u>104.715.709</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	8	859.595	3.231.050
AFS INT.		5.216.683	3.933.350
Fyrirfram innheimtar tekjur	9	48.810.000	75.060.000
Aðrar skammtímaskuldir	8	4.970.391	3.878.106
		<u>59.856.669</u>	<u>86.102.506</u>
Skuldir		<u>59.856.669</u>	<u>86.102.506</u>
Eigið fé og skuldir		<u>121.737.163</u>	<u>190.818.215</u>

Yfirlit um sjóðstreymi rekstrarársins 1.8.2017- 31.7.2018

	Skýr. 1.8.2017- 31.7.2018	1.8.2016- 31.7.2017
Rekstrarhreyfingar		
Tap rekstrarársins	(42.835.215)	(997.393)
Afskriftir	1.556.173	1.875.402
Veltufé frá rekstri	<u>(41.279.042)</u>	<u>878.009</u>
Aðrar rekstartengdar eignir, lækkun	4.902.137	21.752.576
Rekstartengdar skuldir, (lækkun)	<u>(26.245.837)</u>	<u>(47.046.013)</u>
Handbært fé til rekstrar	<u>(62.622.742)</u>	<u>(24.415.428)</u>
Fjárfestingahreyfingar		
	<u>0</u>	<u>0</u>
Lækkun handbærs fjár	(62.622.742)	(24.415.428)
Handbært fé í upphafi rekstrarársins	108.420.011	132.835.439
Handbært fé í lok rekstrarársins	<u>45.797.269</u>	<u>108.420.011</u>

Skýringar

1. Starfsemi

AFS á Íslandi eru félagasamtök og starfa á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir. AFS eru alþjóðleg fræðslusamtök sem starfa í yfir 50 löndum í öllum heimsálfum. Aðalviðfangsefni samtakanna hér á landi eru nemendaskipti ungmenna á aldrinum 15-18 ára.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur AFS á Íslandi fyrir rekstrarárið 1.8.2017 - 31.7.2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

Skráning tekna

Tekjur af vörusölu og þjónustu eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið. Vörusala er skráð þegar vörur eru afhentar eða verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi flyst yfir til kaupanda. Þjónustutekjur eru færðar þegar þjónustan hefur verið innt af hendi. Sala er sýnd í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Lokagengi	
	31.07.2018	31.07.2017
Evra (EUR)	122,80	120,90
Bandaríkjadalur (USD)	104,70	103,07
Norsk króna (NOK)	12,88	12,95

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á rekstrarárinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Skýringar

2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og annar starfsmannakostnaður

	<u>1.8.2017- 31.7.2018</u>	<u>1.8.2016- 31.7.2017</u>
Laun	48.233.753	43.194.282
Lífeyrissjóður	5.781.885	4.570.448
Önnur launatengd gjöld	5.000.413	3.211.984
Annar starfsmannakostnaður	1.577.858	1.413.939
	<u>60.593.909</u>	<u>52.390.653</u>
Stöðugildi að meðaltali	5,5	5

4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur greinast þannig:	<u>1.8.2017- 31.7.2018</u>	<u>1.8.2016- 31.7.2017</u>
Vaxtatekjur af bankainnstæðum	1.917.131	4.224.688
	1.917.131	4.224.688
Fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Kortagjöld	(133.875)	(328.738)
Bankakostnaður	(511.136)	(220.937)
Dráttarvaxtagjöld	(102.242)	(14.995)
Gengistap	(246.186)	(1.230.271)
	<u>(993.439)</u>	<u>(1.794.941)</u>

Skýringar

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Fasteignir	Innréttingar og húsgögn	Tölvubúnaður og áhöld	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í upphafi rekstrarárs	58.187.837	4.838.536	4.334.025	67.360.398
Staða í lok rekstrarárs	58.187.837	4.838.536	4.334.025	67.360.398
Afskriftir				
Staða í upphafi rekstrarárs	1.707.247	2.277.979	4.334.025	8.319.251
Afskrift á rekstrarárinu	1.163.757	392.416	0	1.556.173
Staða í lok rekstrarárs	2.871.004	2.670.395	4.334.025	9.875.424
Bókfært verð				
Bókfært verð í upphafi rekstrarárs	56.480.590	2.560.557	0	59.041.147
Bókfært verð í lok rekstrarárs	55.316.833	2.168.141	0	57.484.974
Afskriftarhlutföll	2%	10%	30%	

Fasteignamat og váttryggingamat eigna félagsins í lok rekstrarárs greinist þannig:

	Fasteignamat	Váttryggingamat
Skipholt 50c, Fnr 222-6443	44.650.000	56.550.000

6. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.07.2018	31.07.2017
Innlendar viðskiptakröfur	11.892.412	14.426.640
Kortakröfur	1.343.900	1.947.786
	13.236.312	16.374.426

Aðrar skammtímakröfur

	31.07.2018	31.07.2017
Fyrirframgreiddur kostnaður v/ íslenskra nema	4.300.158	3.437.498
Annar fyrirframgreiddur kostnaður	0	2.339.533
	4.300.158	5.777.031

Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

	31.07.2018	31.07.2017
Óbundnar bankainnstæður í íslenskum krónum	45.797.269	108.420.011
	45.797.269	108.420.011

Skýringar

7. Eigið fé

	Bakhjarlaframlag	Óráðstafað eigið fé
Eigið fé 1.8.2016	234.971	105.478.131
Tap rekstrarársins	0	(997.393)
Eigið fé 1.8.2017	234.971	104.480.738
Tap rekstrarársins	0	(42.835.215)
Eigið fé 31.7.2018	234.971	61.645.523

8. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.07.2018	31.07.2017
Innlendar viðskiptaskuldir	599.595	1.231.050
Ógreiddir styrkir til Hollvína AFS	25.000	2.000.000
Ógreiddir styrkir til skiptinema	235.000	0
	859.595	3.231.050

Aðrar skammtímaskuldir

	31.07.2018	31.07.2017
Ógreidd opinber gjöld	1.617.368	1.354.084
Ógreidd laun og launatengd gjöld	3.353.023	2.524.022
	4.970.391	3.878.106

9. Fyrirfram innheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru tilkomnar vegna nemenda sem fara erlendis á vegum félagsins á næsta rekstrarári. Viðkomandi nemendur hafa greitt staðfestingargjald fyrir þann 31.7.2018 ásamt því að þeir hafa skuldbundið sig til greiðslu á þátttökugjöldum.

10. Skattamál

AFS á Íslandi eru félagasamtök þar sem fjármagn og tekjuafgangur er notaður til almannaheilla. Félagið fellur því undir 5. tl. 4 gr. laga nr. 90/2003 og greiðir því ekki tekjuskatt.

11. Samþykki ársreiknings

Ársreikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum þann 27. október 2018.

Sundurliðanir

	1.8.2017- 31.7.2018	1.8.2016- 31.7.2017
Rekstrartekjur		
Þátttökutekjur	85.843.241	133.392.169
Þátttökutekjur erlendra nema	12.842.293	13.094.966
Umsóknargjöld	492.000	612.000
Styrkir	3.952.660	2.718.413
Félagsgjöld	1.545.495	1.196.000
	<u>104.675.689</u>	<u>151.013.548</u>

Rekstrargjöld íslenskir nemar

Þátttökugjöld	22.248.257	34.989.380
Ferðakostnaður	4.878.211	13.585.458
Sjúkratryggingar nema	5.004.436	4.890.494
Vegabréfsáritanir	105.779	125.558
Námskeið	447.755	615.047
Samningar, bolir og annar kostnaður	28.982	158.057
Þátttökugjöld greidd til AFS INT	3.669.705	6.045.321
Styrkveitingar til nema	2.280.000	1.635.000
Rekstur UKA kerfis	1.013.770	409.352
Lækna og sjúkrakostnaður	764.156	985.974
	<u>40.441.051</u>	<u>63.439.641</u>

Rekstrargjöld erlendra nema

Skólagjöld	1.036.190	1.074.887
Námsbækur	412.813	442.914
Skólaakstur og SVR	794.038	444.320
Annar skólakostnaður	282.900	323.860
Flug og ferðakostnaður	966.538	358.403
Námskeið	1.127.633	833.816
Menningarhelgi	879.930	933.033
Lækna og sjúkrakostnaður	136.599	297.737
Lokadvöl EOS	223.353	295.407
Keyptur búnaður	104.233	0
Annar kostnaður	2.967	0
Fósturfjölskylduöflun	548.972	133.351
	<u>6.516.166</u>	<u>5.137.728</u>

Laun og annar starfsmannakostnaður

Vinnulaun	48.233.753	43.194.282
Bifreiðastyrkir	600.000	600.000
Samgöngustyrkir	192.000	272.000
Tryggingagjald	3.741.126	3.312.986
Lífeyrissjóður	5.781.885	4.570.448
Sjúkra- og orlofsheimilásjóður	717.571	657.726
Aðrir sjóðir	45.210	43.188
Áunnið orlof, breyting	496.506	(801.916)
Annar starfsmannakostnaður	785.858	541.939
	<u>60.593.909</u>	<u>52.390.653</u>

Sundurliðanir

	1.8.2017- 31.7.2018	1.8.2016- 31.7.2017
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		
Auglýsingar sendra	1.957.236	1.450.284
Auglýsingar hýstra	88.926	467.537
Annar kostnaður v/ markaðsmála	366.913	3.899.591
Rekstur upplýsingakerfis og hugbúnaðarþjónusta	730.812	1.150.553
Sími og internet	1.801.958	2.201.093
Burðargjöld	30.248	241.133
Pappír, prentun og ritföng	215.329	198.369
Bókhald, reikningsskil og skattskil	1.909.346	1.831.807
Önnur aðkeypt þjónusta	567.214	102.440
Fundir og deildarstarf	1.874.689	1.556.781
Framlag til deilda	540.828	438.800
Námskeið sjálfboðaliða innanlands	243.748	676.444
Sjálfboðaliðar erlendis	650.318	549.010
Námskeið, fundir og ferðakostnaður starfsmanna	2.537.009	3.095.634
HOO fundur	4.163.263	0
VSS 2017 Hellishólum	8.178.988	0
Stefnumótun AFS INT	1.248.575	0
60 ára afmæli AFS	1.836.360	0
Lögfræðiþjónusta	52.731	0
Heimsping	962.032	1.356.784
EFIL, fundir yfirstjórnar	0	158.116
Önnur aðildargjöld	5.000	176.000
Gjafir og styrkir	0	76.957
Risna	6.675	0
Tryggingar	56.170	67.619
	<u>30.024.368</u>	<u>19.694.952</u>

Annar rekstrarkostnaður

Rafmagn og hiti	111.522	137.082
Fasteignagjöld	942.233	859.422
Vátryggingar húsnæðis	8.258	94.726
Öryggisþjónusta	195.661	236.095
Ræsting og hreinlætisvörur	637.878	651.776
Annar húsnæðiskostnaður	927.976	834.816
Viðhald áhalda og tækja	16.450	54.016
Aðkeyptur akstur	0	12.450
Smááhöld	734.156	1.693.273
Viðhald áhalda og tækja	2.500	126.518
Ýmis kostnaður	410.620	318.916
	<u>3.987.254</u>	<u>5.019.090</u>

Samvinna

EVS Evrópa unga fólksins	2.818.525	1.781.331
	<u>2.818.525</u>	<u>1.781.331</u>

Aðildargjöld til samstarfsaðila

Stjórnunarkostnaður til AFS INT	2.497.150	2.809.250
Aðildargjöld EFIL	0	266.990
	<u>2.497.150</u>	<u>3.076.240</u>

AFS.IS

